

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
b.t. skrifstofu umhverfis og orku
Borgartúni 26
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 9. september 2025

Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) hefur tekið til umsagnar áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald (hér eftir „áformin“). Með áformunum er verið að uppfæra ákveðna viðauka við lög um úrvinnslugjald þannig að þeir taki mið af breytingum sem gerðar hafa verið á tollskrá og uppfæra reiknilíkan svo álagning úrvinnslugjalds á vörur sé sannarlega á vörur sem eiga að bera úrvinnslugjald. FA gerir eftirfarandi athugasemdir.

FA vill undirstrika mikilvægi bráðabirgðaákvæðis V. Með ákvæðinu er heimild fyrir innflytjanda að ákvarða líklegustu flokkun til álagningarstofns út frá líklegustu tegund söluumbúða, þ.e. ef innflytjandi getur ekki tilgreint meginsöluumbúðir. M.ö.o. er innflytjanda heimilt með bráðabirgðaákvæðinu að tilgreina þær umbúðir, t.d. pappa eða plast, sem honum finnst líklegast að séu í sendingunni ef hann hefur ekki upplýsingar þess efnis úr hvaða efni meginsöluumbúðir eru. Líkt og kemur fram í umsögn Úrvinnslusjóðs á þetta aðallega við um smærri innflytjendur og smásendingar og getur tafið tollafgreiðslu viðkomandi vara ef bíða þarf upplýsinga. Það getur verið sérlega bagalegt fyrir smærri fyrirtæki sem eru ekki með háa veltu og skiptir þau sköpum að fá vörur til sín hratt og örugglega.

Ljóst er að bráðabirgðaákvæðið er enn inni af ástæðu og ekki fæst séð að það vandamál sem ákvæðið leysir nú verði ekki lengur til staðar eftir 1. janúar 2026, sem er gildistími ákvæðisins. FA tekur því undir með Úrvinnslusjóði að bráðabirgðaákvæðið verði annaðhvort framlengt eða gert varanlegt sem varaleið.

Hvað aðrar fyrirhugaðar breytingar varðar þá liggja ekki fyrir tölulegar upplýsingar í áformunum. FA gerir því fyrirvara um athugasemdir á síðari stigum málsins þegar ljóst er hvaða breytingar verða nákvæmlega gerðar á viðaukum og reiknilíkani laganna.

Virðingarfyllst,



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur